

SJÓVARNARGARÐUR Í ÓSLANDI, HÖFN Í HORNAFIRÐI, SVEITARFÉLAGINU HORNAFIRÐI

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að sjóvarnir í Óslandi séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að áhrif á framkvæmdanna á náttúru og menningarminjar komi til með að verða fremur jákvæð í ljósi þess að verið sé að verja hluta af viðkvæmu friðlandi fyrir ágangi sjávar. Jafnframt eru á svæðinu menningarminjar sem verði í hættu ef landbrot heldur áfram líkt og verið hefur. Engu að síður telur Skipulagsstofnun afar brýnt að fylgt verði ábendingum Fornleifaverndar um að verktakar verði upplýstir um staðsetningu minjanna og að haft verði samráð við Fornleifavernd ríkisins um tilhögun verksins. Jafnframt tekur Skipulagsstofnun undir varnaðarorð Umhverfisstofnunar um að nauðsynlegt sé að má út ummerki eftir þungaflutninga ef þeir skilja eftir sig för.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Sveitarfélagsins Hornafjarðar við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að sjóvarnir í Óslandi séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 9. maí 2011.

INNGANGUR

Þann 14. mars 2011 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Sveitarfélaginu Hornafirði um fyrirhugaðar sjóvarnir á 225 m kafla meðfram strandlengjunni suður af útsýnisstað á Höfn í Óslandi í Sveitarfélaginu Hornafirði til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 10 i í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Fornleifaverndar ríkisins, Siglingastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Sveitarfélaginu Hornafirði með tölvupósti dags. 29. mars 2011, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 29. mars 2011, Siglingastofnun Íslands með bréfi dags. 25. mars 2011 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 5. apríl 2011.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdin felist í því að hlaða sjóvarnargarð suður af útsýnisstað í Óslandi á Höfn. Við framkvæmdina sé gert ráð fyrir að hlaða grjóti snyrtilega í bakkann á um 125 m löngum kafla innan fólkvangsins en um 100 m löngum kafla austan við fólkvangsmörkin. Sjóvörnin sé því samanlagt um 225 m löng en hæðin breytileg eftir hæðarlegu bakkans, eða 0,3-2 metrar að hæð. Bakkinn sé hærri austanmegin og lækki þegar inn í friðlandið kemur. Áætlað umfang varnargarðsins sé um 500 m² sýnilegur flötur og gert sé ráð fyrir að um 500 m³ þurfi af grjóti til að byggja varnargarðinn, af því lenda 200 m³ innan fólkvangsins en 300 m³ utan við hann. Flutningur á efni fari um vegslóða sem sé utan við mörk fólkvangsins og svo meðfram eldri vegslóða sem liggur meðfram bakkanum innan fólkvangsins. Hvorki sé um efnistöku innan fólkvangsins að ræða né austan við hann. Gert sé ráð fyrir að nýta afgangsefni úr eldri grjótnámu í nánd við Fjárhúsavík á Höfn. Framkvæmdir fari fram þegar jörð sé frosin en sé þess ekki kostur verði farið meðfram flæðarmálinu á fjörunni. Ekki sé gert ráð fyrir að framkvæmdirnar skilji eftir sig ummerki ökutækja umfram þau ummerki sem þegar séu fyrir á svæðinu, verði ekið eftir flæðarmálinu þá muni sjórinn sjá um að afmá ummerki ökutækja þar. Áætlað er að framkvæmdir við verkið taki 1-2 vikur.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að í Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 1998-2018 sé lögð áhersla á varðveislu landgæða og söguminja. Einnig sé lögð sérstök áhersla á þau svæði sem njóti verndar samkvæmt náttúruverndarlögum. Framkvæmdin sé í samræmi við áherslur skipulagsáætlunarinnar um að varðveita Óslandið á Höfn sem fólkvang. Í auglýsingu um friðlandið sé markmiðið með friðlýsingu landsvæðis í Óslandi að tryggja útivistarsvæðið og svæðið til útikennslu í Sveitarfélaginu Hornafirði. Einnig að tryggja vernd sérstakra jarðmyndana og fjölbreytts fuglalífs. Gert sé ráð fyrir að áætlunin styðji við framkvæmdina þar sem framkvæmdinni sé ætlað að vernda og verja landsvæði innan Óslandsins án þess að raska umhverfi þess.

Áhrif á gróður. Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að útivistargildi svæðisins sé mikið. Graslendi sé ráðandi, en á svæðinu finnst einnig berjalýng ásamt lágum víðiplöntum. Í fjörunni umhverfis Óslandið sé lítið af þangi og en að mestu sandfjara sem muni ekki raskast verulega vegna framkvæmda við sjóvarnargarðinn. Framkvæmdir muni ekki hafa áhrif á gróður og leitast verði við að raska fjörunni sem minnst meðan á framkvæmdum standi. Gengið verði þannig frá umhverfis

sjóvarnargarðinn að sá gróður sem fyrir sé á svæðinu nái að festa sig á ný umhverfis nýja sjóvarnargarðinn.

Áhrif á fugla. Í greinargerð kemur fram að á svæðinu séu auðugar leirur með miklu fuglalífi. 10-15 fuglategundir hafi orpið í Óslandi frá því athuganir hófust. Gert sé ráð fyrir að framkvæmdin fari fram utan þess tíma sem fuglar dvelja í Óslandinu, framkvæmdatíminn verði því annað hvort yfir vetrarmánuðina eða síðla hausts. Allar framkvæmdir við endurnýjun sjóvarnargarðs í Óslandi verði utan varptímans, 1. maí til 1. júlí. Á framkvæmdatíma verði lögð áhersla á að trufla fuglalífið í Óslandi sem minnst.

Áhrif á landslag og jarðmyndanir. Fram kemur að í jarðmyndunum sjáist för eftir trjáboli. Lögð verði áhersla á að framkvæmdir hafi sem minnst áhrif á landslag, útivist og upplifun á svæðinu. Mikilvægt sé að þegar framkvæmdum verði lokið sjáist engin merki framkvæmdarinnar sem truflað geti upplifun og fjölbreytni svæðisins umfram núverandi vegslóða og nýjan sjóvarnargarð. Áhrif á umhverfi séu talin óveruleg.

Áhrif á menningarminjar. Fram kemur að fornminjaskráning hafi farið fram á umræddu svæði árið 1997. Á svæðinu séu fjárhústöftir og rústir sem séu utan við fólkvanginn en mjög nálægt framkvæmdasvæðinu. Framkvæmdirnar muni hins vegar á engan hátt fara yfir fornminjarnar eða hafa áhrif á þær. Framkvæmdin muni hins vegar vernda fornminjarnar fyrir frekari ágangi vegna landbrots, en í fornleifaúttektinni kom fram að hætta vegna landeyðingar sé mikil.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Fram kemur í umsögnum Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Fornleifaverndar ríkisins, Siglingastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar að framkvæmdirnar skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Frágangur í verklok. Umhverfisstofnun bendir á að slóðar sem áætlað sé að nota við framkvæmdina séu ófullkomnir troðningar og ekki til þess bærir að nýta þá til þungaflutninga. Nauðsynlegt sé að gera ráð fyrir að lagfæra þurfi ummerki um þungaflutningana við lok framkvæmda. Svæðið sé ætlað til útivistar og því afar brýnt að vanda allan frágang.

Áhrif á menningarminjar. Fornleifavernd ríkisins telur að fyrirhuguð framkvæmd geti haft jákvæð áhrif fyrir fornleifarnar á svæðinu þar sem þær verði varðar fyrir ágangi sjávar. Gera þurfi verktökum ljósa grein fyrir staðsetningu og umfangi fornleifanna til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá. Þá sé mikilvægt að haft verði samráð við Fornleifavernd ríkisins um framkvæmd verksins.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða sjóvarnir á 225 m kafla meðfram strandlengjunni suður af útsýnisstað á Höfn í Óslandi í Sveitarfélaginu Hornafirði. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að áhrif á framkvæmdanna á náttúru og menningarminjar komi til með að verða fremur jákvæð í ljósi þess að verið sé að verja hluta af viðkvæmu friðlandi fyrir ágangi sjávar. Jafnframt eru á svæðinu menningarminjar sem verði í hættu ef landbrot heldur áfram líkt og verið hefur. Engu að síður telur

Skipulagsstofnun afar brýnt að fylgt verði ábendingum Fornleifaverndar um að verktakar verði upplýstir um staðsetningu minjanna og að haft verði samráð við Fornleifavernd ríkisins um tilhögun verksins. Jafnframt tekur Skipulagsstofnun undir varnaðarorð Umhverfisstofnunar um að nauðsynlegt sé að má út ummerki eftir þungaflutninga ef þeir skilja eftir sig för.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Sveitarfélagsins Hornafjarðar við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að sjóvarnir í Óslandi séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Hornafjarðar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf Sveitarfélagið Hornafjörður að kanna samræmi framkvæmdanna við gildandi aðalskipulag sveitarfélagsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 9. maí 2011.

